

**3. gr.****5. gr. orðist þannig:**

**Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:**

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 6 650.00 fyrir hvert skip, auk kr. 16.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 1 450.00 í hafnsögu-sjóð.

**4. gr.**

**Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:**

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 610.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1290.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 560.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 350.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 290.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 403 16. maí 1980.

*Samgönguráðuneytið, 2. október 1980.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

23. október 1980.

Nr. 559.

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpu-diski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1980.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpu-diski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1980:

	U. S. § pr. lb. eif.
Lausfrystur hörpu-diskur .....	3.10
Blokkfrystur hörpu-diskur .....	2.88
Rauður hörpu-diskur .....	1.69
Verðbil verður 5%.	

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallar-verði að viðbættu eða frádrægni verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi e'ns og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. október 1980.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*